

8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að lækka gjaldstuðla skv. 3. og 6. gr. um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla, og tekur það einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld skv. reglugerð þessari lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Bessastaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. september 1980.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.**AUGLÝSING**

**um staðfestingu á aðalskipulagsupprætti Kópaskers.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 12. september 1980 staðfest aðalskipulagsupprætt af Kópaskeri.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af hreppsnefnd Presthólahrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. september 1980.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.**AUGLÝSING**

**um staðfestingu á gjaldskrá fyrir Sundlaug Akureyrar.**

Aðgangseyrir fullorðinna .....	kr. 550.—
Aðgangseyrir barna .....	— 220.—
Gufubað .....	— 900.—
Sundföt .....	— 450.—

Auglýsing þessi birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 23. september 1980.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.